# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 30


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Dagskrá
fyrir fund fátækranefndarinnar
8. Sept. 920 –

1. ~~Beiðni kosinna G. Runólfsd. um styrk~~ ~~til að komast á heilsuhælið~~
2. ~~Erindi Halldórs R. Sveinssonar, Vestm.~~
3. ~~Björn Guðmundsson um styrk til að komast á heilsuhælið~~
4. ~~Um ábyrgð á húsaleigu Jóns Oddssonar,~~ Spítalastíg –
5. ~~Um að taka ábyrgð á legukostnaði~~ Sigurðar Jóhannessonar, Bergst.str. 3, á heilsuhælinu. –
6. Um greiðslu skuldar fyrir Markús Guðmundssonar til Thomsens
7. Um ábyrgð á legukostnaði konu Bjarna Gunnarssonar, Bergst.str. 32, sveitl. í Miðdalahr.
8. Ragnh. Björnsdóttir komist fyrir hjá Nýlendum 16 / 17 fyrir september fyrir 25 kr. –
9. ~~Júlía Árnadóttir,~~
10. ~~Guðrún Benediktsdóttir~~
11. Una Ása. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp

**til bráðabirgðareglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.**

---

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

a) Byggingar landssjóðs og bæjarsjóðs.
b) Kirkjur, skólar og fundarhús án íbúðar.
c) Geymsluhús, sem engin íbúð er í og ekki fylgja íbúðarhúsi.
d) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru meira en 25 þús. kr.

2. flokkur.

a) Bankahús, sölubúðir og fundarhús þau, sem jafnframt eru íbúðarhús.
b) Íbúðarhús einstakra manna, sem ein fjölskylda býr í og virt eru 15—25 þús. kr.

3. flokkur.

a) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru minna en 15,000 kr.
b) Íbúðarhús, sem fleiri en ein fjölskylda býr í. Ef sölubúð er í íbúðarhúsi, telst hún sem íbúð.
c) Sjúkrahús, sem ekki eru eign landssjóðs eða bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. flokkur.

Hús þau, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, ef gjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

3. gr.

Upphæð skattsins skal fyrst um sinn ákveðin, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hús í 1. flokki | . . . . | $2^1/_2{}^0/_{00}$. |
| — — - 2. — | . . . . | $3^1/_2{}^0/_{00}$. |
| — — - 3. — | . . . . | $4^0/_{00}$. |
| — — - 4. — | . . . . | $5^0/_{00}$. |

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

4. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótora í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn, sem látið er úti til skipa á höfninni, greiðast 60 aurar fyrir hvert tonn.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

7. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjalddaga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. desember næstk. Sé skatturinn ekki greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, greiði skuldunautur að auki $2^0/_0$ af skattsupphæðinni.

---

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og sjá má af fógeta rjettar gjörd Þridjudaginn 24 mai 1910 þetta ár var af mjer tekinn Fiskur sá er jeg átti utann 2 sk. ₶ sem jeg gjet fá 1. sk℔ hr. hreppstjóra Sigurd Sigurðsinsson upp í húsaleigu er jeg átti ad borga honum af því jeg bí í húsi sveitar innar og 1 sk℔ er jeg hafdi pant sett Gísla J. Jóhansen Þar á eptir átti jeg ekki neitt eptir. af fiski, og stód svo uppi med búsitru og 3 börn bjargar laus í húsinu og klædlaus. Það skal tekid fram ad jeg neita lid þeim í Reikningi þessum þar sem mjer eru til færdar Kr. 22, 23 örar í vögstu af 1/5 parti af kaup verdi bátsins sem Þau er skrádur. Þar sem jeg hef ekki undir gingist ad borga vexti af. Fyrir vinnu mina vid ~~N~~orrænuna á jeg til góda Kr 100,00 er jeg vann vid hana sidast lidinn vetur. og hef jeg marg skorad á Jón Einarsson ad borga mjer fjeda upp hæd úr fjelagi fyr nemds báts, og hefur hann algjörlega neitad því. ~~og hefur hann~~ Jafn framt gaf Jón Einarsson á Tjábakka mjer 1/5 part af umgetnum bat til þess ad jeg yrdi formadur med hana, vetrar — vertidena. En um login veit jeg ekki fyr en ad annar formadur er tekinn til þess ad róa henni en mjer vekkid frá Sidan hefur hún verid brukud til fiskiródra og sildar í alt sumar, án þess ad jeg sje ad spurdur og án þess ad mjer væri skiptur neinn afli af umgetnum bát þetta alt hefur hr. Jón Einarsson Pöntunar stjóri gert í algerdu leifisleisi minu, fram á þenan dag.

Af fyr greindum á stædum

R. Rvk. 26/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er jeg bjargar laus með fjölskildu mína. Og verð jeg að skora á Fatækra nefnd Reykjavíkur að rjetta mjer hjálpar hönd með að ná rjetti mínum að jeg fái mína peninga (vinnulaun) og 1/5 part af bátnum eða peninga fyrir hann nó vitni eru um þetta sem bera að jeg sejó satt sömu leiðis hef jeg liðið stór peninga tjón fyrir Jóns Einarssonar fram komu á mitt heimili þar sem jeg hef orðið að vera vinnu laus hjer í vor og sumar yfir hálf bjáladri móðir og bjargarlausu heimili jeg gjet ~~...~~ sint og sannað að mjer buðust 5 krónum daginn frá lokum og til Jóla og því varð jeg að neita Að öðrum kosti er jeg neiddur til þess að taka lán af hreppnum hjer uppi á Reykjavík ur hrepp Öll skil riki skulu þessu að lútandi, skulu yður í tje látinn þegar með þarf hið um beiðna bið jeg yður háttvirta fatækra nefnd að taka til greina hið bráðasta

Með mikilli virðingu

Björgvin í Vestmanneyjum
20 – 8 '10

Halldór R. Sverrisen

Til

fá tækra nefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir
vottar sejum Halldóri R. Sverrisen
hvað vanalegt fyrir manns
kaup er hjer í Vestmanneyjum
1 kr af skú hverju sem á
bátinn fast af þessum frem
fiskitegundum. þorski
launga Ýsu og smáfiski

Vestmannaeyjum 24/4–10

Vigfús. P. Scheving

Benóníus Sigurðsson

Sýslumaðurinn hjer er einn
egdi þessa Báts sem jeg var for
maður á

Halldór R. Sverrisen

J. Rvk. 7/6 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björgvin Vestmanneyjum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Karl Einarsson
sýslumaður í Vestmannaeyjasýslu

Gjörir kunnugt:
Ár 1910, þriðjudaginn þann 24. maí var fógetarjettur Vestmannaeyjasýslu settur í húsinu Björgvin í Vestmannaeyjum og haldinn af hinum reglulega fógeta, Karli Einarssyni sýslumanni með vottum Eiríki Hjálmarssyni og Tómasi Guðjónssyni.

Var þar og þá tekið fyrir:
að kyrsetja og leggja löghald á svo mikið af eignum Halldórs Runólfssonar Sverrisen motorbátsformanns til heimilis í ofangreindu húsi, að nægi til lúkningar skuld að upphæð 414 kr. 04 a. við H/f. „Herjólfur“ hjer í sýslu.

Mættur er í rjettinum kaupfjelagsstjóri Jón Einarsson fyrir hönd requirentsins, hlutafjelagsins „Herjólfur“ hjer, og leggur fram beiðni um gjörð þessa, dagsetta í dag, samþykkt stjórnarnefndar tjeðs hlutafjelags á framkvæmd gjörðarinnar á sína ábyrgð, dags. í dag og reikning dags. í gær. Voru skjöl þessi þingmerkt nr. 1-3 í ofangreindri röð og eru svohljóðandi:
No 1. Með því að Halldór Sverresen í Björgvin hjer skuldar H/f. „Herjólfur“ kr. 414,04, en hefir þrátt fyrir marg-ítrekaðar tilraunir, ekki viljað semja um greiðslu á skuld þessari eða borga hana, leyfi eg mjer hjer með, velborni herra sýslumaður, að mælast til þess, að kyrsetning verði gerð í dag á eignum hans fyrir tjeðri skuld

F. 76/...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppá mína ábyrgð og stjórnar nefnds fjelags.
Virðingarfylst
Gjábakka, Vestmannaeyjum 24/5 – 1910.
Fyrir hönd H/F. „Herjólfur“
Jón Einarsson

Til
sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu.

No 1 Lagt fram í fógetarjetti Vestmannaeyjasýslu 24. maí 1910.
Karl Einarsson.

## No 2

Við undirritaðir, sem erum í stjórn kaupfjelagsins „Herjólfur“ í Vestmannaeyjum gefum hjer með samþykki okkar til þess, að kyrsetning verði gert á eignum herra Halldórs Sverresen í Björgvin hjer, fyrir - 414 kr. 04 au. skuld, sem hann skuldar nefndu kaupfjelagi, uppá okkar ábyrgð.

Vestmannaeyjum 24. maí 1910.
Magnús Guðmundsson. Erlendur Árnason.
Halldór Gunnlaugsson.

Nr. 2. Lagt fram í fógetarjetti Vestmannaeyjasýslu 24. maí 1910.
Karl Einarsson.

## No 3
## Reikningur

til herra Halldórs Sverresen, í Björgvin í Vestmannaeyjum.
frá kaupfjelaginu „Herjólfur“ í Vestmannaeyjum.

| 1910 | | | Útsekið Kr. | aur | Innlagt Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Febr | 17. | Au. samkvæmt nótu 3/92, 18. Do 3/92, 17. Do 7/66, 18. Do 1/50, 21. Do 6/50, 22. Do 7/12 | 23 | 62 | | |
| | 19. | " Do 5/88, 21. Do 3/92, 22. Do 3/92, 24 Do 6/10, Do 1/96, 26. Do 3/92, 4/3. Do 3/92, 5. Do 1/96 | 31 | 58 | | |
| Marz | 5. | " Do 7/97, Do 2/50, 10. Do 3/92, 12. Do 1/96, 15. Do 1/96, 12. Do 7/98, 15. Do 1/28, 19. 2/14 | 15 | 71 | | |
| | 21. | " Do 0/97, Do fr. 9/50, 23. Do fr. 2/29 26. Do fr. 7/74, Do fr 7/90, Do fr. 1/03, 28. Do fr 7/70 | 16 | 13 | | |
| | 17. | " Do 1/75, 22. Do 1/96, 30. Do 7/55, 31. Do 7/76, 20/4. Do 19/12 | 24 | 14 | | |
| Mai | 12. | " Beitukostnaður að yðar parti á mb. „Norönu“ til Vetrarvertíðarlok | 30 | 01 | | |
| | | " 1/5 af skuld (útgerðarkostnaði) mb. „Norönu“ til 11/5. þ. á | 250 | 62 | | |
| | | " 6% vextir af verði sama báts af kr. 5200,00, að 1/5. í 130 daga | 22 | 23 | | |
| | | Mismunur | " | " | 414 | 04 |
| Mai | 12 | Au. Upphæð | 414 | 04 | 414 | 04 |
| | | Skuld | 414 | 04 | | |

Vestmannaeyjum 23/5 1910.
F. h. kaupfjel. „Herjólfur“
Jón Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Requisitus er sjálfur mættur í rjettinum.
Umboðsmaður requirentsins krefst að hin um-
beðna gjörð fari fram og lagt verði löghald á
og kyrsett svo mikið af eignum requisiti, að
nægi til greiðslu skuldarinnar, vaxta frá
í dag og kostnaðar við gjörð þessa og eptir-
farandi málskostnaðar og alls annars
kostnaðar er mál kann að hafa í för með
sjer og fullnæging dóms. Fógeti skoraði
á requisitus að greiða skuldina; hann
kvaðst ekki geta greitt skuldina, en hann
geymi sjer rjett til að gjöra athugasemdir
við á sinum tíma. Fógeti skoraði á
requisitus að segja til fjármuna, er lagt
verði löghald á. Hann kvaðst ekki
eiga neinar eignir annað en fisk salt-
aðan hjer í Krónni eins og svo sem
10 skpd. talið í þurfiski, en fisk þennan
telur requisitus ekki eign sína því að
hann hafi veðsett J. P. T. Bryde 2 skpd.,
Gísla Jóhannssyni 1 skpd. Árna Sigfússyni
2 skpd. og Sigurði Sigurfinnssyni 5 skpd.
Ennfremur telur requisitus að hann
eigi inni hjá motorbátnum „Norönu“
fyrir vinnu við hann á síðastl. vetri
kring um 150 Krónur. Fleiri eignir
kvaðst requisitus ekki eiga. Umboðs-
maður requirentsins krefst fyrir hönd
fjelagsins, gjörðarbeiðanda, að kyrsetn-
ing og löghald fari fram á eignum
þessum þrátt fyrir skýrslu requisiti
um veðsetninguna, sem hann neitar
að sje ~~rjett~~ gild. Vottarnir virtu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fisk þann, er requisitus hafði vísað á sem sinn og álíta þeir að hann sje sem svarar 12 skpd. af þurfiski talið þannig að 500 ɑ af fiskinum eins og hann er nú fari í skpd hvert af þurfiski og virða hvert skpd. á 50 Krónur. Umboðsmaður requirentsins krefst að löghald verði lagt á fisk fyrir að minnsta kosti 430 Krónum; fógeti lagði þá löghald á og kyrsetti 8 skpd. og 3/5 úr skpd. reiknað á ofangreindan hátt með 500 ɑ af fiskinum eins og hann er nú í hvert skpd. til tryggingar ofangreindri skuld 414 Kr. 4 aur., vöxtum og kostnaði við gjörð þessa og eptirfarandi staðfestingarkostnaði. Var þá afhent umboðsmanni requirentsins 4300 ɑ af fiski þessum og geymir hann fisk þennan á ábyrgð gjörðarbeiðanda uns kröfur hans eru rannsakaðar með dómi eða kyrsetningargjörðin er fallin úr gildi. Samt varð það að samkomulagi málsparta að fiskurinn væri á þeim stað, sem hann er með hinum öðrum fiski requisiti, þangað til á morgun að gjörðarbeiðandi vikladi fiskinn upp í viðurvist fógetarjettarins.
Fógeti brýndi fyrir requisiti að hann mætti ekki ráðstafa hinum kyrsetta og löghaldna fiski með Sölu, veðsetningu, eða nokkru öðru er komi í bága við kyrsetningu þessa að við lagðri hegningarábyrgð. Var ákveðið að vikla fiskinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~fiskinn~~) kl. 12 á hádegi á morgun í krónni hjer.

Uppl. staðfest.

Vottar og virðingarmenn við gjörðina
Eiríkur Hjálmarsson.
Tómas M. Guðjónsson.

Rjetti slitið.
Karl Einarsson.
Jón Einarsson.
Halldór Sverrisen.

Ár 1910, miðvikudaginn hinn 25. maí ~~nást~~ var fógetarjettur Vestmannaeyjasýslu settur í krónni í Björgvin í Vestmannaeyjum og haldinn af hinum reglulega fógeta, Karli Einarssyni sýslumanni, með vottum Eiríki Hjálmarssyni og Tómasi Guðjónssyni

Var þar og þá fyrir tekið: að framhalda kyrsetningu og löghaldi á fiski þeim, er löghald var lagt á í gær tilheyrandi Halldóri Runólfssyni Sverrisen.

Mættur er í rjettinum Jón Einarsson kaupfjelagsstjóri fyrir hönd kaupfjel. „Herjólfur" í Vestmannaeyjum og krefst hann að viktað verði upp af fiski requisiti 4300 ☐ svo hann geti fengið hann í sitt hald. Voru þá viktuð upp 4300 ☐ af fiskinum og afhent umboðsmanni requirentsins, og verður hann þar geymdur á hans ábyrgð eptir því sem við á; requisitus var við staddur í rjettinum og samþykkti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viktina. Uppl. staðfest.
Rjetti slitið.

Vottar:
Eiríkur Hjálmarsson.
Tómas M. Guðjónsson.

Karl Einarsson.
Jón Einarsson.
Halldór Sverrisen.

Rjettargjörð þessari til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli

Skrifstofu Vestmannaeyjasýslu, 28. mai 1910.

Karl Einarsson

Gjald:
Staðf. 0,50
vitnam. 0. 75
Kr. 1.25
ein króna tuttugu og fimm aur.
b. K.E.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifuð hefi orðið fyrir því óláni, að fá berklaveiki í lungun og hefi því nú all-langan tíma legið rúmföst. Læknir minn, herra Sigurður Magnússon, hefir ráðlagt mér að reyna að komast á Heilsuhælið á Vífilsstöðum og telur hann með því móti sennilegt, að ég fái bata og fulla heilsu. En nú er svo mál með vexti, að foreldrar mínir eru fátæk og hafa engin tök á að standast þann kostnað, og sjálf hefi ég ekkert eignast, þar sem ég er aðeins 16 ára gömul. Ég leyfi mér því að snúa mér til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík, því þar á ég fæðingarhrepp, og biðja hana um styrk af fátækrafé til þess að ég geti nú í haust, helst sem fyrst, komist á ofannefnt Heilsuhæli. Ég leyfi mér að vænta velvildar og góðrar undirtektar hjá hinni heiðruðu fátækrastjórn, og orðlengi þetta mál ekki frekar.

Ég læt hérmeð fylgja vottorð frá lækni mínum og skírnarvottorð mitt.

Reykjavík, Þingholtsstræti 1, 1. Sept. 1910.

Jóhanna Guðný Runólfsdóttir.

Til

Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

F. Rvk. 75/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þóranna Guðný,

dóttir hjónanna Runólfs tésm. Einarssonar og Guðrúnar Þórðardóttur, Garðhúsum,

er fædd 27. ág. 1894, skírð 9. sept. s. á.

Samhljóða Ministerialbók Reykjavíkurprestakalls vottar

Reykjavík, 18. maí 1908

Jóhann Þorkelsson.

Gjald: 67 - sextíu og sjö aur. borgað J. Þ. -

L. Rvk. 7/5/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þóranna Runólfsdóttir, Þingholtsstræti 1. hefur berklaveiki í lungum og þarf að komast á heilsuhælið.

Reykjavík, 30/8 10

L. Rvk. 7 5/1 910. — Sig. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Fátækranefndarinnar í
Reykjavík

Með því að Jón Oddsson, sem leigt hefur undanfarin ár, í húsinu nr. 4 á Spítalastíg hjer í bænum hefur ekki getað borgað húsaleigu frá 1 febr. 1910 alls 7 mánuðir og ekki er sjáanlegt að hann geti það framvegis, tilkynnist hinni háttvirtu fátækranefnd að áður nefndur Jón Oddsson getur ekki fengið að halda því húsnæði sem hann hefur nú áfram, með öðru móti en því, að það sje gengið í ábyrgð fyrir, húsaleigunni sem er, að upphæð, 5 Kr: fimm krónur um hvern mánuð. Þetta þarf að athuga sem allra fyrst ef Jón mundi verða að fara svo að hægt sje að leigja það aftur, en að öðru leiti vill Jón helzt vera kyr.

Reykjavík 29 ágúst 1910

Virðingarfyllst

Jörgen Þórðarson

F. Rvk. 7/9/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð hlýt nú enn á ný að leita styrks hjá hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur handa mjer og börnum mínum þremur, sem nú eru hjá mjer af því jeg get ómögulega reist rönd við að vinna fyrir þeim og mjer alein sem jeg nú er. þareð maður minn Eiríkur Jónsson hefur eigi lagt neitt til heimilis okkar síðan í vetur, sem leið og hann verið utanlands nokkurn tíma af árinu og nokkurn tíma norður í landi og þó jeg hafi sent honum skeyti þangað hefur hann að eins sent mjer einu sinni símskeyti að norðan og með því lofað mjer að senda mjer peninga en þeir eru ókomnir enn og svo hefur hann tekið fram í símskeyti þessu að sín væri eigi von hingað. Fjórða barn okkar hjóna sem nú er á lífi er, sem stendur austur í Árnessýslu hjá föður mínum þar og getur hann ekki haldið það lengur en nú til haustins og með því þetta barn mitt er heilsulítið vildi jeg koma því undir læknis hendi hjer í bænum.
Sá styrkur sem jeg fer fram á að fá er 25 kr. í peningum á mánuði meðan jeg held þeirri heilsu, sem jeg nú hefi, en geti fátækranefndin komið fjórum börnum fyrir uppá vinnu borgun um mánuðinn óska jeg eptir að fá að vita það sem fyrst. Jeg vil biðja hina heiðruðu fátækranefnd þess að fá að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum með verustað barna minna og gætti yfir þeim sem móðir og fá að hafa þau hjá mjer fyrir sömu meðgjöf og hægt er að koma þeim fyrir annarstaðar

Reykjavík 8 september 1910

Virðingarfyllst
Júlía Árnadóttir

73

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík

J. Ak.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að jeg undirskrifuð Guðrún Benidikts-
dóttir, ekki gat haldist við hjá Málfríði Ólafsdóttur
dóttur minni og Jóhannesi manni hennar, fjekk
jeg mjer verustað hjá Grími Grímssyni og Guðrúnu
Bjarnadóttur á Bergstaðastræti 50 hjer í bænum,
og flutti til þeirra í byrjun síðastliðins ágústmánaðar,
og hefi verið þar síðan og líkar þar vel, og vildi feginn
mega vera þar framvegis. En fyrir ágústmánuð hefi
jeg eigi getað borgað þeim með mjer nema að eins
þær 10 kr, sem jeg að undanförnu mánaðarlega hefi
fengið úr fátækrasjóði mjer til lífsframfæris.
En af því að jeg, sem er á 80. aldursári, steinblind,
og get ekkert gert lífsframfæri mínu til stuðnings,
geta þau ekki haldið mig fyrir minna en að
minnsta kosti 15 króna meðlag á mánuði, og
þess vegna leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega
að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að hækka
frá byrjun þessa mánaðar og framvegis meðlagið
með mjer úr fátækrasjóði um 5 krónur á mánuði
eða úr 10 kr upp í 15 krónur mánaðarlega, því

F - Rvk. 7/11 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir minna meðlag geta hvorki þau, nje neinn annar haldið mig sjer að skaðlitlu, eptir því sem heilsuástandi mínu nú er farið.

Bergstaðastræti 50 í Reykjavík, 7. sept. 1910.

Auðmjúklegast.

Guðrún Benidiktsdóttir

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur